

4

14. marz

Aftan við 27. gr. laganna komi:

Nú hefur ættarjörð við skipti dánarbús eða á annan hátt skipzt í tvo eða fleiri hluta, sem eru minni en svo, að þeir fullnægi þeim kröfum, er nýbýlastjórn gerir um stofnun nýbýla, eða eigandi hefur ekki aðstöðu til að nytja sjálfur þennan jarðarhluta, þótt nægjanlega stór sé, og er honum þá skylt að leigja sinn hluta jarðarinnar þeim eiganda hennar og ábúanda, ef fleiri eru, sem hann kys helst, og fer þá um leigumála samkv. 35. gr.

Ákvæðin um ófullnægjandi landsstærð koma þó ekki til framkvæmda, ef eigandi hluta úr ættarjörð, sem ekki telst nægilegur til stofnunar sjálfstæðs býlis, getur fengið keypt til viðbótar samliggjandi land frá annarri jörð, þannig að hvort tveggja til samans, ættarhlutinn og viðbótin, fullnægi þeim skilyrðum, er nýbýlastjórn setur um stofnun nýbýla, enda hafi hann hafizt handa um stofnun nýbýlis innan 5 ára frá því hann fékk viðbótarlandið.

3. gr.

Í stað 1. másl. 29. gr. laganna komi tveir másl. á þessa leið:

Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð á hverjum tíma, að viðbættu matsverði á þeim umbótum, sem gerðar hafa verið á jörðinni frá því, er aðalfasteignamat fór fram. Það mat skal framkvæmt af úttektarmönnum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. marz 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

5

14. marz

L Ö G

um stýrimannaskólann í Reykjavík.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 7. gr. laga nr. 93 25. febr. 1954, um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 99 1950 og nr. 87 1952, hef látið fella meginmál þeirra og laga nr. 99 18. des. 1950 og laga nr. 87 15. des. 1952, inn í lög nr. 69 12. apríl 1945, og gef þau út þannig breytt:

I. KAFLI

Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita þá fræðslu, er þarf til að standast fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórpróf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

5

Skólinn starfar í þremur deildum, tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf, þriggja ára deild fyrir farmannapróf og auk þess í sérstakri deild fyrir skipstjóra-
próf á varðskipum ríkisins. 14. marz

II. KAFLI

Kennslan.

3. gr.

Í skólanum skal kenna:

Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, eðlisfræði, vélfræði, sjó-
rétt, veðurfræði, heilsufræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og íþróttir; auk
þess þær fræðigreinar, sem krafizt er sérstaklega fyrir skipstjóra á varðskipum
ríkisins.

III. KAFLI

Próf.

4. gr.

Í skólanum skulu vera þessi burtfararpróf: Fiskimannapróf, farmannapróf
og skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

5. gr.

Til fiskimannaprófsins útheimtist:

I. Stærðfræði (skrifleg):

1. Í reikningi: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tuga-
brot, hlutföll talna, veldi og rót og notkun logaritma.
2. Í flatarmálsfræði: Beinur línur, horn, hringurinn, marghyrningur,
sporbogur, reglur um hliðar og horn í þríhyrningum og samhliðung-
um, rétthyrndur þríhyrningur, einslaga og samfalla þríhyrningar, flat-
armál hrings og marghyrninga, uppdráttur og útreikningur flatarmáls
einföldustu flata.
3. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræð-
innar og á útreikningi flatra rétthyrndra þríhyrninga samkvæmt henni.
4. Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks ferstrendings og sívalnings.

II. Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

1. Þekking á jarðhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd
og breidd; kompáslínur og kompásstrik.
2. Þekking á kompásnum og notkun hans, á misvísun og halla (inklina-
tion), segulskekkju og hvernig hún verður fundin með jarðlægum at-
hugunum; þekking á hallasegulskekkju; kunna að finna misvísun eða
segulskekkju með viks-(amplitude-)athugun sólar og með azimut-
athugun sólar.
3. Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun; að búa til vaxandi
kort.
4. Þekking á skriðmæli, vegmæli og djúpmælitækjum; þekking á leiðar-
reikningi, straumi og drift; að setja stefnu skipsins og að finna stað
skipsins í kortinu.
5. Þekking á dagbókarhaldi; kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.
6. Þekking á sextanti og notkun hans.

5

14. marz

7. Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfingu hennar.
8. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans.
9. Kunna að finna ristíma og hvarftíma sólarinnar.
10. Þekking á hæðarleidréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólarinnar í hádegisbaug.
11. Kunna að finna staðarlínu fyrir skipið með hæðaraðferðinni.

III. *Sjómennska* (munnleg, skrifleg og verkleg):

1. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.
2. Þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morse-stafrófi.
3. Þekking á hirðingu og meðferð á skipum, siglum, reiða, seglum, köðlum og vírum og samsetningu þeirra og öðru, sem þar að lýtur, enn fremur meðferð og hirðingu veiðarfæra.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

IV. *Íslenzka* (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Nemendur skulu kunna nokkurn veginn lögskipaða réttitun og geta samið stutta ritgerð um einfalt efni, þannig að orðfæri sé sæmilegt og lesmerki rétt sett.

V. *Danska* (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og að geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er varðar sjómennsku.

VI. *Enska* (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.

VII. *Sjóréttur* (skriflegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er varða rétt og skyldur skipstjóra.

VIII. *Heilsufræði* (munnleg):

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:

1. hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma;
2. samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim;
3. næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða;
4. almennar heilbrigðis- og þrífnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.

IX. *Vélfræði* (munnleg):

Einföldustu atriði mótórfærðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

X. *Bókhald*:

Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.

XI. *Veðurfræði:*

Nemendum er skylt að hlýða á fyrirlestra um veðurfræði.

5

14. marz

6. gr.

Til farmannaprófsins útheimtist hið sama og til fiskimannaprófs og enn fremur:

Stærðfræði (skrifleg og munnleg):

- Í reikningi: Fyllri þekking á veldi og rót og á logaritnum. Reikningur með jákvæðum og neikvæðum stærðum. Einfaldur vaxtareikningur. Einfaldar jöfnur.
- Í flatarmálsfræði: Skyn á rétthyrndu koordinatkerfi.
- Í rúmfræði: Afstaða beinnar línu til flatar og afstaða flata innbyrðis. Þekking prisma, strýtu, keilu, kúlu, sívalnings og á línun, sem myndast á yfirborði þessara hluta við beinan gegnumskurð. Skyn á bogahornum og bogaprihyrningum. Rúmtak prisma, strýtu, keilu, kúlu og sívalnings.

Í ofangreindum atriðum stærðfræðinnar er þess eins krafizt, sem nauðsynlegt er að nemandinn viti til skilnings á því, sem kennt er í siglingafræði, sjómennsku, eðlisfræði og vélfræði.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

Hið sama og krafizt er til fiskimannaprófsins og auk þess:

Kompásleiðréttingar.

Þekking á stefnumagnsmælinum (Deflector) og notkun hans við segulskekkjurannsóknir.

Að kunna að fara með sjóúr og finna stöðu þess og daglegan gang.

Að kunna að finna stað skipsins með staðarlínunum byggðum á athugunum sólar, tungls, fastastjörnu eða reikistjörnu. Lengdarathugun. Fyllri þekking á hinmintunglum.

Þekking á notkun helztu raf- og radiotækja, sem notuð eru við siglingar.

Þekking á stórbaugskortum og siglingu eftir stórbaug.

Vélfræði (munnleg):

Þekking algengra eimvéla ásamt kötlum og hjálparvélum. Hestöfl, eldsneytiseyðsla og gæzla vélarinnar.

Þekking á algengustu mótorvélum, einkum dieselvélum, og gæzlu þeirra, ásamt hjálparvélum og eldsneytiseyðslu.

Eðlisfræði (skrifleg):

Þekking á eðlisfræðilegum eiginleikum hluta. Jafnvægi og hreyfing fastra, fljótandi og loftkenndra hluta, þyngdarlögmál.

Samstilling og sundurliðun krafta. Einfaldar vélar. Eðlisþyngd. Dælur. Loftþyngdarmælar. Aðaldrættir hitafræðinnar. Einfaldar reglur um hljóðið, ljósið, rafmagn og rafsegulmagn.

Sjómennska (skrifleg, munnleg og verkleg):

Hið sama og til fiskimannaprófsins og enn fremur:

- Stutt lýsing á byggingu skipa, rúmlestir, djúprista, afturhlæðni og stöðugleiki. Viðhald skipa á sjó og landi. Áhrif skráfu og stýris.

Vatnspéttar skiljur og tæmingartæki.

Helztu lagaákvæði um flokkun og skoðun skipa.

- 5 b. Bátar og notkun þeirra. Tæki til fermingar og affermingar skipa. Meðferð
14. marz farms og kjölfestu.

Öryggisráðstafanir við skipströnd, árekstur, eldsvoða, sjóskaða o. fl. Einfaldur jafnvægisreikningur með tilliti til fermingar og affermingar skipa. Línubyssur og önnur hjargtæki.

Notkun taflna um styrkleika, aðallega þeirra hluta, sem notaðir eru við fermingu og affermingu skipa.

Skyldur stýrimanns á verði.

Landafraeði og veðurfræði (munnleg):

Stutt yfirlit yfir landslag hinna helztu meginlanda. Helztu skipgengar ár og fljót. Heimshöfin og helztu siglingaleiðir. Helztu verzlunarborgir.

Skyn á helztu loft- og sjávarmælitækjum. Skipting hitans á yfirborði jarðar. Vatnsgufa loftins; ský og úrkoma. Veðurfregnir og veðurkort.

Rafmagn í gufuhvolfinu. Loftþrýstingur. Vindar og lögmál þeirra. Þekking helztu hafstrauma.

Íslenska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það vel. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orðtök, er að sjómennsku lúta. Jafnframt skulu þeir hafa lært það af íslenskri málfræði, er þarf til þess að fara vel með íslenskt mál í ræðu og riti, og geta skrifað á allgóðu máli og með góðri stafsetningu ritgerð um efni, er að sjóferðum lýtur, og samið laglega skjöl þau og skilríki, er staða þeirra heimtar.

Danska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, einkum um líf og störf sjómanna, og geta talað dönsku sæmilega, einkum um það, er sjómennsku varðar, og að geta gert léttan danskan stíl.

Enska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti, einkum um líf og störf sjómanna, skilja „Nautical Almanac“ og geta talað ensku nokkurn veginn, einkum um það, er að sjómennsku lýtur.

Sjóréttur (skriflegur):

Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs, einkum um farmbréf og farm-skirteini. Farmsamningar.

Heilsufræði (munnleg):

Nokkru fyllri þekking en til fiskimannaprófs, einkum um hitabeltissjúkdóma og varnir gegn þeim.

Bókhald og viðskiptafræði (skrifleg):

Þau atriði, er farmenn skiptir mestu og staða þeirra heimtar.

7. gr.

Til skipstjóraprófs á varðskipum ríkisins er krafizt:

1. Að nemandi hafi lokið farmannaprófi og hlotið í meðaleinkunn að minnsta kosti $\frac{3}{4}$ þeirrar einkunnar, sem hæst verður gefin.

Undanþegnir þessu ákvæði eru þeir, sem fengið hafa réttindi sem skip- 5
stjórar á varðskipum ríkisins, þegar lög þessi öðlast gildi; enn fremur má veita 14. marz
efnilegum nemendum undanþágu frá þessu skilyrði, ef kennarar skólans mæla
eindregið með því.

2. *Siglingafræði og stærðfræði:*

- a. Mælistaðir og lega þeirra til staðarákvarðana. Mismunur á land- og sjó-
kortum.
- b. Þekking á leiðréttingum horna, merkja og miðana á jörðunni til útsetningar
í vaxandi kort.
- c. Þekking á leiðréttingum sextanthorna vegna hæðarmismunar mælistaðanna.
- d. Nokkru fyllri þekking en til farmannaprófs á notkun og meðferð nýjustu
siglingatækja.
- e. Nokkru fyllri stærðfræðikunnátta en til farmannaprófs.

3. *Alþjóðamerki:*

Leikni í notkun ljós- og hljóðmerkja og merkjaflagga.

4. *Alþjóðaréttur og skýrslugerð:*

- a. Helztu ákvæði laga og millirikjasamninga um gæzlu landhelginnar og fisk-
veiðar á hafinu. Þýðing og gæzla landhelginnar á ófriðartímum.
- b. Kunnátta í ýmiss konar skýrslugerð.

5. *Enska:*

Fyllri kunnátta í að tala og rita málið en krafizt er til farmannaprófs.

6. *Þýzka:*

Undirstöðuatriði þýzkrar tungu.

7. *Líkamsæfingar:*

Kunnátta í algengum fimleikum og æfing í að stjórna fimleikaflokki.

8. gr.

Við burtfararpróf skulu auk kennarans, sem prófar, vera tveir prófdómendur
í hverri grein, og skipar ráðuneytið til þess sérfræðinga eftir föngum.

Munnleg próf má halda í heyranda hljóði.

9. gr.

Vilji maður ganga undir burtfararpróf skólans, án þess að hafa stundað þar
nám, skal hann senda samgöngumálaráðuneytinu beiðni um það tveimur mánuðum
áður, og skal fylgja beiðninni vottorð um, að umsækjandi fullnægi kröfum þeim,
er segir í 1.—5. lið 11. gr. þessara laga, og vottorð um þann undirbúning, er hann
hefur fengið.

10. gr.

Þeir, sem staðizt hafa burtfararpróf við stýrimannaskólann, skulu fá próf-
skírteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

Prófskírteinin skulu gefin út á íslenzku og að minnsta kosti einu stórþjóða-
máli.

IV. KAFLI

Inntaka nemenda.

11. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru:

1. Að fullnægja kröfum reglugerðar um siglingatíma.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
5. Að hafa óflekkað mannorð.

V. KAFLI

Kennslutími.

12. gr.

Skólinn starfar frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til aprílloka.

VI. KAFLI

Kennarar skólans.

13. gr.

Við stýrimannaskólann í Reykjavík skulu, auk skólastjóra, að jafnaði vera fimm skipaðir kennarar, fjórir í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastakennara skulu ákveðin í launalögum.

14. gr.

Til þess að geta orðið skólastjóri stýrimannaskólans, verður hlutaðeigandi að hafa lokið farmannaprófi skólans og síðan viðtækara farmannaprófi við erlendan skóla, hvort tveggja með góðum vitnisburði.

Til þess að verða fastur kennari í siglingafræði verður hlutaðeigandi að hafa lokið að minnsta kosti góðu farmannaprófi við skólann.

Til þess að verða tungumálakennari skólans verður hlutaðeigandi að hafa lokið embættisprófi í einhverju af þeim málum, sem kennd eru við skólann. Þó má veita undanþágu frá þessu ákvæði þeim, sem reyndur er að nægri kunnáttu og kennarahæfileikum.

Enginn getur fengið veitingu fyrir embætti við skólann, nema hann hafi verið settur til að gegna því í eitt ár að minnsta kosti.

Stundakennara setur ráðuneytið samkvæmt tillögum skólastjóra.

VII. KAFLI

Ýmisleg ákvæði.

15. gr.

Yfirstjórn skólans hefur samgöngumálaráðuneytið.

16. gr.

Með reglugerð verður nánar ákveðið um tilhögun kennslunnar, próf og einkunnir, inntöku nemenda í skólann, kennslutíma og leyfi, reglu og aga, kennara skólans og skólalækni.

17. gr.

5

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, og þá fræðslu, sem þarf til þess að setjast í II. bekk í fiskimannadeild stýrimannaskólans í Reykjavík, skal samgöngumálaráðuneytið fela skólastjóra stýrimannaskólans að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Neskaupstað og í Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin annaðhvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveim stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka. Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum tíma árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.

Í reglugerð skal ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til prófs, sem réttindi veitir til II. bekkjar stýrimannaskólans, skulu send frá stýrimannaskólanum í Reykjavík og úrlausnir dæmdar þar.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. marz 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

AUGLÝSING

6

um viðbótarsamning við milliríkjasamninginn frá 20. júlí 1953 milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.

16. marz

Hinn 30. desember 1954 var í Stokkhólmi undirritaður viðbótarsamningur við milliríkjasamninginn frá 20. júlí 1953 milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir. Samningurinn gekk í gildi 1. janúar 1955.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 16. marz 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.